

Óhefðbundin tjáskipti – tjáskiptatækni

Skilgreiningar og hugtakaskýringar

Allir hafa mál – jafnvel án tilætlunar, ef einhver túlkar viðbrögð þeirra og bregst við á móti.

Tjáskipti viljum við sjá sem hvert það samspil sem stendur yfir um hríð milli tveggja eða fleiri einstaklinga, um hvað báðir aðilar meina eða þeim þykir, um það sem er að gerast í þeim tilteknu aðstæðum.

Allir tjá tilfinningar og hugarástand, áhuga og vilja með einhverju móti – það er mál, þótt það sé hjá sumum hvorki skipulagt né kerfisbundið. Tjáskipti þýða þannig mun meira en það að tjá sig í mæltu máli.

Tjáskipti snúast ekki bara um upplýsingar eða fyrirmæli, heldur einnig – og jafnvel meira – um tilfinningar, líðan, vilja og óskir og ekki síst upplifun af nánd og tengingu við aðra manneskju

Það að vera til staðar og eiga sameiginlega athygli um það að vera saman er þannig jafn mikilvægt og að miðla upplýsingum um staðreyndir, fyrirmæli, skoðanir eða óskir.

Tjáskipti snúast um að skapa merkingu í veröldina, upplýsingar um hana og viðhorf eða skoðanir á henni, og þau þróast þegar sjónarmið okkar mæta sjónarmiðum annarra.

Við getum notað ótal aðferðir við að gefa öðru fólki til kynna líðan okkar, tilfinningar, fyrirætlanir, óskir og hugsanir. Við notum orð, en líka ýmis konar önnur tákni eða merki, látbragð, svipbrigði og hljóð. Þegar fötluð manneskja hefur ekki vald á hefðbundnu máli, tölum við um þessa þætti sem óhefðbundin tjáskipti.

Það að skiptast á tilfinningum, fá staðfestingu á að annar upplifi tilfinningar mínar, óskir og vilja eða upplifa að fá þátttöku annars í eigin líðan eru oft mikilvægustu tjáskiptin fyrir þann sem býr við tjáskiptahömlun.

- Hvað skapar svo merkingu í veröldina og um hana?
- Hvernig vitum við hvað skiptir máli fyrir einstaklinginn – Hvernig segir hann það?
- Hvernig komum við því á framfæri við einstaklinginn? – Hvernig segjum við það?

Hugtök

Í fræðsluefni frá Önnu Soffíu Óskarsdóttur koma oft fyrir ákveðin hugtök, sem ef til vill eru ekki öllum töm. Þess vegna eru hér fáeinar hugtakaskýringar, til að tryggja skilning.

- **Tjáskiptahömlun** snýst um að fatlaður einstaklingur geti ekki vegna fötlunar sinnar tjáð sig með sama móti og hver sem er eða tekið við upplýsingum með sama hætti og aðrir. Sá eða sú sem er með tjáskiptahömlun hefur þannig takmarkað formlegt mál, talað eða táknað og hefur því þörf fyrir aðlagaðar eða óhefðbundnar leiðir til að tjá sig eða eiga samtal – samspil við annað fólk, eða aðgang að upplýsingum í umhverfi sínu
- **Félagi í tjáskiptum** er hver sá sem tekur þátt í samtali eða samspili hér og nú. Stundum er talað um féлага sem einstaklinginn með tjáskiptahömlun, þar sem **Fær félagi** er sá ófatlaði sem ber samtalið uppi með viðeigandi stuðningi

- **Annar** er hver sá sem er í samskiptum við hinn fatlaða
Mikilvægur annar er sá sem er hinum fatlaða mikilvægur, getur verið náinn aðstandandi, mikilvægasti aðstoðarmaðurinn, verkstjórinn, vinurinn eða hver sá sem viðkomandi upplifir mikilvægastan eða nánastan hér og nú
- **Tjáskiptatækni** er hér notað um hverja þá leið sem notuð er til óhefðbundinna tjáskipta. Aðferðir í samtali, hlutir, pappírsgögn og talvélur eða tölvur og snjalltæki vísa til tjáskiptatækni

Kerfisbundið mál – skipulagt mál – mál

- **Kerfisbundið mál** er notkun táknerfis s.s. talmáls, ritmáls, táknmáls, bliss, mynd- eða hluttáknerfis eða annarra táknerfa. Það getur verið flókið og borið óhlutbundna merkingu hugtaka, eða einfalt og hlutlægt með einföldum yrðingum
- Að tjá sig að einhverju leyti með stökum táknum, orðum eða merkjum er stundum áfangi á leið að kerfisbundnu máli, en alltaf að einhverju marki **skipulagt mál**
- Að tjá sig með hljóðum, svipbrigðum, látbragði og tilfinningaviðbrögðum getur verið skipulagt mál, en er **alltaf mikilvægt mál**

Tjáskiptatækni

- er notað um hverja þá leið sem notuð er til að efla óhefðbundin tjáskipti. Aðferðir færa félagans í samtali, hlutir, pappírsgögn og talvélur eða tölvur og snjalltæki vísa til tjáskiptatækni.